




Myndin sýnir lítinn hluta af sýningarsalnum. Í forgrunni er batik eftir Sigrúnu Jónsdóttur: veggjald, kjólar og lampi. Tágakarfán er gerð af Guðrúnu Júlíusdóttur og veggteppið í bak-sýn hefur Ásgerður Ester Búadóttir gert. — (Ljósmynd Þjóðv. A. K.).

SÝNING Á NÚTÍMA LISTIÐN- AÐI KVENNA Í SNORRASAL

Í gær var opnuð í Snorrasal mjög athyglisverð listiðnaðarsýning, þar sem 24 konur sýna nútíma listiðnað á vegum tímaritsins Melkorku. Sýningin verður opin til 18. marz, kl.2—10 dag hvern. Hér á eftir fara nöfn þátttakenda og verk þeirra á sýningunni, sem eru 80 talsins:

Ásdís Sveinsdóttir Thoróddsen: Gull- og s'lfursmið: Skartgripir.

Ásgerður Ester Búadóttir: Myndvefur: Veggteppi.

Bergljót Eiríksdóttir: Rya-vefur: Gólfteppi. Mynd: vefur: Sessa.

Dolinda Tanner: Aladinnála-stag: Teppi.

Erna Sigurðardóttir Hansen: Myndvefur. (Teikning Vigdís Kristjánsdóttir).

Gerður Hjörleifsdóttir: Myndvefur. (Teikning Vigdís Kristjánsdóttir).

Guðrún Júlíusdóttir: Tágvinna: Körfur, bakkar.

Gislrún Sigurbjörnsdóttir: Flösmotta. Gobelinvefur: Vegghengjur.

Guðrún Jónasdóttir: Hördúkar: Borðmottur. Treflar og sjöl.

Herdís Gröndal: Virstrengir á timbri: Veggskraut.

Halldóra Jónsdóttir: Hnýtt

teppi. (Teikning: Halldóra Sigurðardóttir.)

Kristín Jónsdóttir: Sálbrykk: Dúkur, veggteppi.

Ragnhildur Ólafsdóttir: Tilklipp: Veggdregill.

Rósa Eggertsdóttir: Jurtalím-ingar.

Sigríður Björnsdóttir: Brenndar trémyndir.

Sigríður Halldórsdóttir: Brek-án: Gólfteppi. Rya: Vegg-motta. Krabbavefur: Sessa. Glitvefur: Mottur.

Sigrún Jónsdóttir: Batik: Veggjald, kjólar, lampi.

Sigrún Gunnlaugsdóttir: Steindir skartgripir: Háls-

men.

Steinum Marteinsdóttir: Keramik: Vasar, skálar.


Sólborg Gunnarsdóttir: Treflar — Sjöl. (Ull, sauðalitir)

Svava Gísladóttir: Myndvefur (Teikning: Vigdís Kristjánsdóttir).

Vigdís Kristjánsdóttir: Rya-vefur: Teppi: Hrim, snjór. Myndvefur: Á hafsbotni, Tilbeiðsla. Gobelinvefur: Tunglskin. Nálaflös úr tofi: Þang-sessa.

Vigdís Pásdóttir: Hnýtt teppi.

Þóra Marta Stefánsdóttir: Smelt: Skál.



Silfurmunir er Ásdís Sveinsdóttir Thoróddsen hefur smíðað.

ÞJÓÐVILJINN

Sunnudagur 11. marz 1962 — 27. árgangur — 58. tölublað

OAS myrðir í Alsír og París

ALGEIRSBORG — PARÍS 10/3 — Hermdarverkin í Alsír hófust aftur af fullum krafti í gær eftir að tiltölulega rólegt hafði verið í landinu í nokkra daga. Fregnir herma að 44 menn hafi verið drepnir en 31 særður í hryðjuverkum víðsvegar um landið. 25 hinna drepnu voru Serkir. Einna verst gegndi í Oran þar sem 25 voru drepnir. Í Algeirsborg féllu 17 menn.

Í gær var Redga-hótelíð fyrir utan Algeirsborg algjörlega eyðilagt með sprengingum. Í hoteli þessu voru aðalbækistöðvar þeirra Frakka sem berjast gegn OAS, Les Barbouzes, eins og þeir eru kallaðir. Þeir hafa að undanförmu svarað hermdarverkum OAS í sömu mynt. Ekki er vitað til að nokkur hafi verið í Redga-Hótelí þegar þetta gerðist.

Allt mun nú orðið rólegt við landamærin milli Túnis og Alsír,

þar sem nýlega kom til átaka milli Serkja og franskra hermanna.

Í morgun biðu þrír menn bana og 50 særðust þegar sprengja sprakk í einni útborg Parísar, Issy-les-Moulineaux. Þeir sem féllu voru tveir lögreglumenn og stúdent sem af tilviljun átti leið fram hjá. Nokkrir hinna særðu eru í bráðri lífshættu.

Sprengingin varð í vörubíl sem fylltur hafði verið af sprengiefni og síðan staðsettur fyrir framan hús þar sem vinstreisinnuð friðarsamtök ætluðu síðar um daginn að halda landsmót.

Rusk til Genf

WASHINGTON 10/3 — Sendinefnd Bandaríkjanna undir forustu Dean Rusk utanríkisráðherra mun í dag fara flugleiðis til Genfar, en afvopnunarþingið þar hefst á miðvikudag. Á sunnudagskvöld mun Dean Rusk bjóða utanríkisráðherrunum Home lávarði og Andrai Gromyko til kvöldverðar. Í sendinefnd Bandaríkjanna verða 32 menn, þar á meðal helztu sérfræðingar í afvopnunarálum og Berlínarmálinu.

Utanríkisráðherrafundurinn mun fyrst og fremst fjalla um afvopnunarál, en einnig um Berlínarvandamálið og önnur alþjóðleg ágreinisatriði.

Kroll sparkað

BONN 10/3 — Í gagnorðri tilkynningu frá vestur-þýzka utanríkisráðuneytinu segir að dr. Hans Kroll muni ekki halda stöðu sinni sem sendiherra í Moskvu. Í stað þess mun hann verða ráðgjafi Bonn-stjórnarinnar um málefni Austur-Evrópu.

Aktion J.



Myndin er af Adolf Eichmann, afkastamesta morðingja mannkynssögunnar, en hann var einn af þeim sem báði vald sitt samkvæmt lögum þeim er Globke samdi um réttarstöðu Gyðinga í þriðja ríkinu. Munið kvikmyndina um Globke og glæpi hans í Austurbæjarbíói á morgun á öllum sýningum.

Kvenfélag sósíalista

Kvenfélag sósíalista heldur félagsfund þriðjudaginn 13. marz kl. 8:30 í Tjarnargötu 20.

Fundarefni: Umræður um uppeldismál og Reykjavíkurbæ. Adda Bára Sigfúsdóttir hefur framsögu.

Allar stuðningskonur Alþýðubandalagsins velkomnar meðan húsrúm leyfir.

Japönnum óar við atómsprengingum

TOKIO 10/3. — Japanski forsætisráðherrann Hayato Ikeda beindi í dag ávarpi til Krústjoffs og skoraði á hann að gera allt sem hann gæti til að koma í kring alþjóðlegum samningi um bann við kjarnorkusprengingum. Skjalið afhenti sendiherra Japans í Moskvu.

Í skjali þessu segir Ikeda að heiminum hafi enn verið ógnað með áframhaldandi kjarnorkukappphlaupi. Japan hafi, sem hið eina land veraldarinnar sem reynt hafi hin skelfilegu áhrif kjarnorkusprengjunnar, hvað eftir annað snúið sér til kjarnorkuveldanna í því skyni að fá þau til að hætta tilraunum sínum með slík vopn. Samkvæmt sjónarmiði Japana væri mikilvægasta verkefni átjánríkjaráðstefnunnar um afvopnun að semja um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn.

Hafnarfjarðar- fundinum frestað

Fundinum sem boðað var til í dag í Góðtemplarahúsinu í Hafnarfirði um Efnahagsbandalagið er frestað um eina viku vegna veikinda.

Tveir togarar stöðvaðir strax vegna verkfallsins

Togaraverkfallið er hafið. Á miðnætti í fyrrinótt stöðvaðist togarinn Neptúnus við togarbryggjuna, en þangað var hann nýkominn með sildarslatta, sem hann hafði tekið í Eyjum en ekki fengið nægilegt magn í siglingu. Sildinni var landað hér og mun hún hafa farið í bræðslu.

Neptúnus er semsagt fyrsti togarinn sem stöðvast hé í Reykjavík af völdum verkfallsins en í

gærmorgun var Gylfi frá Patreksfirði á ytri höfninni. Mun hann hafa stöðvast hér í gær.

Hulltogarinn Macbeth lá og við bryggjuna og stóð yfir viðgerð á spili hans, en við Ægisgarð lá annar brezkur togari frá Grimsby. Ekki átti togaraufgreiðslan von á að togarar kæmu hér inn í bráð. Þeir sem voru hér inni í fyriradag aðrir en Neptúnus fóru fyrir miðnætti í fyrinótt.

Togararnir veiða allir á heima- miðum, í Jökuldjúpi, á Eldeyjar- og Selvogsbanka. Þeir hafa fengið sæmlegan reyting.

Samningafundur sá, sem sátta- semjari boðaði aðila í togara- deilunni á í fyrrakvöld, stóð fram eftir nóttu án þess árangur yrði. Þegar Þjóðviljinn fór í pressuna síðdegis í gær hafði annar samningafundur ekki verið boðaður.